

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8 – 10,  
101 Reykjavík



Reykjavík, 1. desember 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.**

Hinn 17. nóvember sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál. Áformaskjal um fyrirhugað frumvarp var kynnt á samráðsgátt Íslenskra stjórnvalda 25. september 2023, þar komu fram boðaðar breytingar meðal annars á lögum um gjald af áfengi og tóbaki og gistináttaskatt. SAF skilaði inn umsögn um áformaskjalið. Frumvarpið hefur verið rætt innan SAF og vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

#### Samantekt:

- Yfirgripsmikil vinna stendur yfir við aðgerðaráætlun fyrir ferðamálastefnu 2030. Í fyrstu drögum að aðgerðum er m.a. lagt til að skatta- og gjaldaumhverfi ferðaþjónustu verði breytt til framtíðar, m.a. þannig að gistináttaskattur falli niður og aðrar tekjuöflunarleiðir taki við.
- SAF leggjast gegn boðuðum áformum um auknar álögur á ferðaþjónustu og telja mikilvægt og eðlilegt að þær auknu álögur sem áformaðar eru í frumvarpinu séu lagðar til hliðar þar til vinnu við aðgerðaráætlun um ferðaþjónustu til 2030 er lokið.
- Áætlaðar breytingar á gistináttaskatti
  - fela í sér að minnsta kosti tvöföldun á skattinum á hverja gistináttaeiningu
  - leggjast þyngra á gististaði og önnur ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni
  - skekkja samkeppnisgrundvöll enn meira milli fyrirtækja sem skatturinn leggst á og þeirra sem hann leggst ekki á, t.d. er heimagisting er áfram undanþegin skattinum
  - koma fram með litlum sem engum fyrirvara og munu því lenda að fullu á ferðaþjónustufyrirtækjunum sjálfum, verða greiddar innan úr rekstri þeirra og gera það að verkum að yfirlýst markmið um að ferðamaðurinn greiði skattinn nást ekki
  - auka flækjustig skattsins með undanþágum sem munu hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækja (sérlega lítilla fyrirtækja), tefja fyrir sjálfvirknivæðingu og auka kostnað.
  - letja uppbyggingaráform og frekari fjárfestingu þeirra sem verða fyrir þeim. Í tilfelli lítilla fyrirtækja hreinsa áformin jafnvel upp hagnað og þar með fjárfestingamöguleika á næsta ári.
  - skerða alþjóðlega samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands enn frekar, m.a. gagnvart Norðurlöndunum.
- Tryggja þarf að gistináttaskattur, sé hann lagður á, þurfi ekki að vera inni í auglýstu endanlegu verði fyrir gistingu, til að hann sé sambærilegur við svokallaða borgarskatta (e. City tax) erlendis
- SAF gagnrýna að sett séu fram áform um breytingar á tollfrelsi skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum án samráðs, með örstuttum fyrirvara og án þess að lagt sé mat á raunveruleg áhrif breytinganna
- Fordæmi eru fyrir frestun á skattlagningu til að gefa aukinn fyrirvara, til dæmis í tilfelli varaflugvallagjalds og þegar ferðaþjónustan fór í virðisaukaskattskerfið árið 2016

- Sanngirni- og samkeppnissjónarmið gagnvart hótél- og gistingu hér á landi eru sérstaklega tilgreind í frumvarpinu en þeim sjónarmiðum er að mati SAF lítt þjónað með þeim áformum sem birtast í frumvarpinu.
- SAF hvetja nefndarmenn eindregið til að hafa beint samband við rekstraraðila gististaða og ferðaskrifstofa í sínu kjördæmi og afla sér upplýsinga um það hvaða áhrif áformaðar breytingar hafa á þeirra fyrirtæki.

### Áætlaðar breytingar á gistináttaskatti eru aukin skattlagning á ferðþjónustufyrirtæki

Við birtingu áformaskjals um frumvarpið sem hér um ræðir á samráðsgátt varð ljóst að gistináttaskattur yrði lagður á hverja selda gistináttaeiningu fyrir hvern dvalargest í stað gistingar og ætti jafnframt að ná til gesta í skemmtiferðaskipum sem dvelja á íslensku tollsvæði. Áformaðar breytingar á gistináttaskatti voru hins vegar ekki útfærðar meira á þeim tíma og ekki boðaðar breytingar á afnámi tollfrelsis skemmtiferðaskipa í innanlandssiglingum innan tollsvæðis ríkisins. Það var ekki gert fyrr en 7. nóvember 2023 með frumvarpi þessu og þá var loks varpað ljósi á hvernig áætlaðar breytingar á gildissviði gistináttaskatts myndu nákvæmlega líta út og taka gildi 1. janúar 2024. Fyrirvarinn á útfærðum breytingum á álögum á ferðþjónustu er því innan við tveir mánuðir. Það eru fullkomlega óásættanleg vinnubrögð hjá stjórnvöldum gagnvart atvinnugrein sem selur ferðir að stórum hluta með 12-24 mánaða fyrirvara.

Þessar áætluðu breytingar munu gera það að verkum að gistináttaskattur mun einnig ná til rekstraraðila skemmtiferðaskipa sem sigla um strendur landsins og þeirra sem sigla með farþega á milli landa. Þannig að hver dvalargestur á gistingu og á skemmtiferðaskipum mun greiða 300 krónur fyrir hverja nótt sem hann dvelur innan tollsvæðis ríkisins, hvort sem um er að ræða á landi eða sjó. Aftur á móti, skal ekki greiða gistináttaskatt við sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum, þar af leiðandi er heimagisting enn undanþegin skattinum. Þá eiga dvalargestir sem eru yngri en 18 ára einnig að vera undanþegnir gistináttaskattinum.

Samkvæmt mati á fjárhagsáhrifum þessar breytingar á gistináttaskattinum að leiða til 1,8 milljarða króna tekjuauka fyrir ríkissjóð. Gistináttaskattur mun því alls skila 3,1 milljarði króna í tekjur til ríkissjóðs árið 2024. Því er um rúmlega tvöföldun á gistináttaskatti að ræða með aðeins örfárra vikna fyrirvara.

### Lítill sem enginn fyrirvari á áætluðum breytingum

Það hefur legið fyrir síðan 30. desember 2021 að gistináttaskattur tæki við á ný 1. janúar 2024, í óbreyttu formi. Hins vegar hefur ekki legið fyrir nema í fáeinum vikum að breytingar yrðu á skattinum sem þýða rúmlega tvöföldun á honum, ásamt öllum þeim kostnaði og vandkvæðum sem munu fylgja breytingunum í rekstri gististaða og annarra fyrirtækja vegna þeirra.

Svo lítill fyrirvari er eitur í beinum ferðþjónustunna, og það á bæði löggjafanum og framkvæmdavaldinu að vera fullljóst enda er þetta fráleitt í fyrsta sinn sem Samtök ferðþjónustunnar hafa bent á þetta sama vandamál í ákvörðunum stjórnvalda. Svo lítill fyrirvari kemur í veg fyrir að yfirlýst markmið um að það sé ferðamaðurinn sjálfur sem greiðir viðkomandi skatta og gjöld náist. Fyrirtæki munu þvert á móti þurfa að greiða fyrir áætlaðar breytingar innan úr eigin rekstri. Fyrirsjáanleiki skiptir öllu máli fyrir þá sem standa í rekstri fyrirtækis, óháð því um hvaða atvinnugrein er að ræða.

### Ójöfn samkeppnisstaða vegna gistináttaskatts

Áætlaðar breytingar á gistináttaskatti munu skekkja samkeppnisgrundvöll enn meira milli fyrirtækja sem skatturinn leggst á og þeirra sem undanþegnir eru, en heimagisting mun t.d. áfram vera undanþegin skattinum.

Sé það eindreginn vilji stjórnvalda að leggja gistináttaskatt á ferðamenn á Íslandi er eðlilegt að það sé gert með þeim hætti að allir sem selja gistingu hér á landi innheimti skattinn, þ.e. að samkeppnisgrundvöllur aðila á gistimarkaði sé jafn. Að öðrum kosti gera stjórnvöld einni eða fleiri tegundum gistingar hærra undir höfði en öðrum. Þetta á ekki við varðandi áform frumvarpsins, þar sem óhagræði þeirra sem gistináttaskattur leggst á er stórukið.

Víða um heim hafa fyrirtæki líkt og Airbnb gert samkomulag við stjórnvöld um að innheimta gistináttaskatt fyrir hönd gestgjafa. Það ætti eins að geta átt við á Íslandi.

Samkvæmt birtum gögnum sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu eru skráðar íbúðir á landinu öllu í heimagistingu 3.500 talsins, þær bera 8.576 herbergi og geta tekið við 15.845 gestum hverju sinni. Þessi fjöldi heimagistingar myndi skila ríkissjóði verulegum tekjum ef slík gisting myndi einnig bera gistináttaskatt, hvort sem hann yrði rukkaður á gistieiningu eða á hvern gest. Þá er ótalin óskráð heimagisting eða ólögleg starfsemi en skv. mati sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu eru um 40-50% virkrar heimagistingar enn óskráð og ljóst að stórauka þarf gagnaöflun og eftirlit með slíkri starfsemi.

Jafnframt liggur fyrir að með fyrirhuguðum breytingum munu skemmtiferðaskip ekki greiða virðisaukaskatt af gistináttaskattinum líkt og þeir gististaðir í landi sem hann nær til. Til bóta yrði ef undanþága 3.gr. laga um gistináttaskatt um sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum um virðisaukaskatt væri tekin út.

Með framangreint í huga leggja SAF einnig til að a. lið c. liðar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði breytt með þeim hætti að gistináttaskattur nái einnig yfir heimagistingu og verði því orðuð með eftirfarandi hætti:

**gististað sem hefur rekstrarleyfi í flokki I–IV, sbr. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007,**

#### **Undanþága undir 18 ára skapar aðallega vandkvæði**

Frumvarpið tiltekur undanþágu um að ekki skuli innheimta gistináttaskatt við sölu gistingar til dvalargesta sem eru yngri en 18 ára. Óljóst er hver tilgangur þessarar undanþágu er, ekki eru til gögn um hversu hátt hlutfall ferðamanna á Íslandi er yngri en 18 ára en líklega er það verulega lágt. Undanþágan er því ólíkleg til að hafa mikil áhrif. Hins vegar skapar hún aðallega aukið flækjustig fyrir gististaði og önnur ferðaþjónustufyrirtæki. Hjá gististöðum líkt og farfuglaheimilum eða tjaldssvæðum er hlutfall gesta sem eru yngri en 18 ára líklega hærra en þegar kemur að öðrum tegundum gistingar og eðli máls samkvæmt getur undanþágan haft meiri þýðingu fyrir slíka gististaði. Að því sögðu er ljóst að undanþágan verður til trafala óháð tegund gististaða og getur falið í sér svo mikið óhagræði fyrir ferðaþjónustufyrirtæki að kostnaður við að hafa yfirsjón yfir undanþágum stendur ekki undir sér.

Fjöldinn allur af gististöðum hér á landi hefur nú fjárfest í tækni og aukinni sjálfvirknivæðingu. Það að breyta gistináttaskatti eins og nú er áætlað úr því að hann sé lagður á hverja gistieiningu yfir á hvern gest og að gestir 18 ára og yngri séu undanþegnir felur í sér kerfisbreytingar fyrir gististaði sem taka tíma og kosta fé. Fyrir liggur að þær kerfisbreytingar sem frumvarpið kallar á nást ekki fyrir áramót, jafnvel þó frumvarpið yrði lögfest í byrjun desembermánaðar. Kröfur frumvarpsins munu einnig koma í veg fyrir að margir gististaðir muni geta nýtt tæknilausnir sem þegar hefur verið fjárfest í.

Þá eru ónefndar þær áskoranir sem hljóta að fylgja framkvæmd þessarar undanþágu enda alla jafna erfitt að afla við innheimtu og eftirlit fullnægjandi upplýsingar um dvalargesti. Þá er stór hluti gistingar seldur í gegnum söluaðila erlendis eða beint í gegn um veflausnir þriðja aðila og svo framvegis, þar sem ekki eru skráðar upplýsingar um aldur gesta. Óhagræði gististaða getur því orðið töluvert vegna þessarar undanþágu fyrir lítinn sem engan ávinning, hvorki fyrir ríkissjóð né ferðaþjónustufyrirtæki.

Undanþágan gerir flókin skatt enn flóknari. Ef það væri vilji hjá stjórnvöldum að einfalda skattinn með einhverjum hætti þá ættu stjórnvöld fremur að breyta ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga um gistináttaskatt á þann veg að skatturinn myndi ekki stofn til virðisaukaskatts.

#### **Breytingarnar sérstaklega slæmar fyrir lítil fyrirtæki á landsbyggðinni**

SAF benda á að áætlaðar breytingar á gistináttaskatti munu lenda sérstaklega illa á litlum fyrirtækjum á landsbyggðinni. Ljóst er að hefðbundin tveggja manna herbergi eru algengari á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Verði af áætluðum breytingum leggjast þær því hlutfallslega þyngra á gististaði á landsbyggðinni sem bjóða upp á fjölmennari gistieiningar. Ef um er að ræða sex manna gistieiningu hækkar gistináttaskattur á það rými um 600%, miðað við áætlaðar breytingar. Þá eiga sjónarmið um

óhagræði af kerfisbreytingum og hömlur á sjálfvirknivæðingu sem fjallað er um hér að ofan ekki síst við lítil fyrirtæki á landsbyggðinni.

SAF hvetja nefndarmenn, alþingismenn og ráðherra eindregið til að hafa beint samband við rekstraraðila gististaða í sínu kjördæmi og afla sér upplýsinga um það hvaða áhrif áformaðar breytingar hafa á þeirra fyrirtæki.

### **Fyrirsjáanleiki skiptir öllu í rekstri fyrirtækja**

Ferðapjónustufyrirtæki hafa ekki þann fyrirvara sem nauðsynlegur er til þess að bregðast við auknum álögum þannig að það verði í raun ferðamaðurinn sjálfur sem greiði viðkomandi skatta og gjöld. Samkvæmt viðhorfskönnun SAF telja rúmlega 80% félagsmanna samtakanna að 12 til 18 mánuðir séu nauðsynlegur fyrirvari til að bregðast við auknum sköttum og gjöldum hins opinbera eða hækkun þeirra. Fyrirtækin munu án slíks fyrirvara koma til með að sitja uppi með hækkun á sköttum og gjöldum og greiða fyrir þær innan úr rekstri sínum.

Afleiðingar heimsfaraldurs eru enn til staðar, sér í lagi hjá gististöðum, og segja má að fjárhagsstaða fyrirtækja í ferðapjónustu hefur verið undir ásættanlegum viðmiðum um þó nokkurt skeið. Ljóst er að bæta verður fjárhagsstöðu, arðsemi og afkomu, ferðapjónustunnar, líkt og Magnús Árni Skúlason framkvæmdastjóri Reykjavík Economics kom inn á í viðtali við Viðskiptablaðið nýverið: „Áður en því markmiði er náð má greinin líklega ekki við frekari skattlagningu.“ Áætlaðar breytingar á gistináttaskatti munu koma til með að þurrka út stóran hluta af þeim hagnaði sem þó hefur myndast innan margra ferðapjónustufyrirtækja, sérstaklega hjá litlum fyrirtækjum. Það verður að teljast óeðlilegt fyrir ríkissjóð að ætla sér að seilast í vasa fyrirtækja með þessum hætti.

Augljósir vankantar eru á fyrirkomulagi gistináttaskatts hérlandis og erfitt er að sjá hvernig tilvist hans nær tilsettum markmiðum. Skatturinn hefur í fyrsta lagi ekki áhrif á hvernig ferðamenn sem komnir eru til landsins á hverjum tíma ferðast um náttúruauðlindir lands og þjóðar. Vegna þessa verndar hann ekki fjölsóttu ferðamannastaði, friðlýst svæði né þjóðgarða fyrir ágangi ferðamanna og þeim ytri áhrifum sem þeir hafa í för með sér. Í öðru lagi var eyrnamerkingu skatta eða mörkun skatttekna hins opinbera hætt með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 sem tóku í gildi árið 2016. Þar af leiðandi er heldur ekki tryggt að skatttekjur hins opinbera af gistináttaskatti renni beint til uppbyggingar eða viðhalds á ferðamannastöðum, friðlýstum svæðum eða þjóðgördum, eins og upphafleg markmið lagasetningarinnar stóðu til.

Með ofangreint í huga um mikilvægi fyrirsjáanleika og að viðhalda því markmiði um að ferðamaðurinn greiði sjálfur viðkomandi skatt, og að því gefnu að það sé eindreginn vilji löggjafans að ráðast í áformaðar breytingar á gistináttaskatti skv. frumvarpinu, þá leggja SAF til að gildistöku ákvæða 1. – 6. gr. frumvarpsins verði að minnsta kosti frestað til 1. september 2024 þannig að við 28. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein.

### **3. mgr. 28. gr. verði svo: Ákvæði 1. – 6. gr. öðlast gildi 1. september 2024.**

### **Breytingin skerðir samkeppnishæfni íslenskrar ferðapjónustu enn frekar**

Þegar litið er til Norðurlandanna, þeirra ríkja sem Ísland kys einna helst að bera sig saman við, er ekki lagður á gistináttaskattur annars staðar en hérlandis. Í því samhengi er vert að nefna að VSK á gistingu á Íslandi er að jafnaði sambærilegur því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum.

Hér á landi ber gisting 11% VSK og er í lægra skattþrepi eins og á öllum Norðurlöndunum nema í Danmörku. Samkvæmt úttekt OECD Consumption Tax Trends 2022 eru Noregur og Svíþjóð með 12% VSK á seldri gistingu og Finnland með 10% VSK, en í Danmörku er seld gistiaðstaða aftur á móti í eina og efsta skattþrepinu. Þeir gististaðir hér á landi sem gistináttaskatturinn nær til sitja þar af leiðandi ekki einungis uppi með verri samkeppnisstöðu innanlands heldur einnig miðað við samanburðahæfa áfangastaði á Norðurlöndunum.

Gistináttaskattur er nú þegar til þess fallinn að skerða samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands miðað við hin Norðurlöndin og stuðlar að óhagræði á milli ólíkra tegunda gististaða. Áætlaðar breytingar á gistináttaskattinum því skerða alþjóðlega samkeppnishæfni áfangastaðarins enn frekar.

### Lækkun áfengisgjalda er skref í rétta átt

Í frumvarpinu er einnig að finna tillögu um að litlir, sjálfstæðir framleiðendur áfengis greiði lægra áfengisgjald af ákveðnu magni áfengis. SAF fagna því þar sem áfengisgjöld hér á landi eru há í alþjóðlegum samanburði, svo mjög að ærið tilefni er til að leggjast í heildstæða endurskoðun á þeirri gjaldtöku. Það að lækka áfengisgjöldin á þá sem eru litlir og sjálfstæðir framleiðendur telja SAF vera skref í átt að slíkri endurskoðun.

Hins vegar verður ávallt að gæta jafnræðis á milli allra framleiðenda áfengis, smárra jafnt sem stórra, og huga að samkeppnisstöðu á milli innlendra rekstraraðila. Tryggja þarf að álögur sem þessar skapi ekki hvata til óhagræðis þannig að ábati rekstraraðila af lægra áfengisgjaldi tapist. Því telja SAF að taka verði fleiri og stærri skref í þessa rétta átt enda er áfengisverð hér á landi eitt það hæsta í heiminum.

### Ferðamálastefna til 2030 og aðgerðaráætlun

Í maí á þessu ári skipaði ferðamálaráðherra sjö starfshópa sem falið var að vinna tillögur að aðgerðum í aðgerðaráætlun fyrir ferðamálastefnu til 2030. Gert er ráð fyrir að sú áætlun verði lögð fyrir Alþingi í formi tillögu til þingsályktunar á vörþingi 2024. Að mati SAF skýtur það skökku við að aukin skattheimta á ferðaþjónustu sé lögð til með þessum hætti á sama tíma og vinna við útfærslu tillagna að fyrrgreindum aðgerðum stendur yfir. SAF leggjast gegn boðuðum áformum um auknar álögur á ferðaþjónustu og telja mikilvægt að gerðar séu ekki breytingar á gistináttaskatti eða öðrum álögum á ferðaþjónustu fyrr en vinnu við aðgerðaráætlunina er lokið. Ef eitthvað ætti að gera fyrir þann tíma væri nær að afnema gistináttaskattinn að fullu enda líklegt að niðurstaða ferðamálastefnu til 2030 og aðgerðaráætlunar verði að svo meingallaða skattheimtu sé ekki á vetur setjandi.

### Gistináttaskattur og tollfrelsi skemmtiferðaskipa

Í frumvarpinu er lagt til að skemmtiferðarskip á meðan það dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins greiði gistináttaskatt og að það skuli afnema tollfrelsi skemmtiferðaskipa í siglingum innan íslenskrar lögsögu. Við birtingu frumvarpsins er boðað afnám á tollfrelsi lagt fram í fyrsta skipti og án samráðs. Í greinargerð með frumvarpinu er mat á fjárhagslegum áhrifum þessa tollfrelsis sett fram og tilgreint að það kunni að hafa fjárhagslega hagsmuni í för með sér fyrir ríkissjóð en bent á að fjárhæðir í því samhengi liggi ekki fyrir. SAF gagnrýna harðlega að sett séu fram áform um grundvallarbreytingar á skatta- og gjaldaumhverfi ferðaþjónustu án samráðs og án þess að lagt sé nokkuð mat á áhrif breytinganna.

Sem dæmi um möguleg áhrif sem ekki hefur verið lagt mat á benda SAF á að komið hefur fram hjá þeim fyrirtækjum sem stunda þær siglingar sem um ræðir og hjá þeim fyrirtækjum sem að selja þeim vöru og þjónustu hér á landi, að fyrirtækin sem gera út þau skip sem um ræðir telji starfseminni sjálfhætt ef af lagabreytingunni verður með svo skömmum fyrirvara. Nýlega birt gögn benda til þess að svokallaðir skiptifarþegar skemmtiferðaskipa telji um 150 þúsund, svo að þegar upp er staðið gæti breytingin því allt eins haft töluverð neikvæð áhrif á ríkissjóð, sveitarfélög og fyrirtæki sem þjónusta skipin og farþega þeirra. Ekkert virðist hins vegar hafa verið gert til að kanna raunveruleg áhrif breytingarinnar áður hún var skrifuð inn í frumvarpið. Þá eiga sömu sjónarmið og áður eru nefnd um eðlilegan fyrirvara miðað við starfsemi atvinnugreinarinnar við hér. Ferðir með skemmtiferðaskipum eru yfirleitt seldar tvö til þrjú ár fram í tímann og því eðlilegt að stjórnvöld gefi eðlilegan fyrirvara á breytingum á skatta og gjaldaumhverfi þeirra í samræmi við það.

Eðlilegt er að allir þeir sem selja gistingu á Íslandi eða við Íslandsstrendur greiði sambærilegar álögur sem við eiga hverju sinni. Áætlaðar breytingar á gistináttaskatti og afnám á tollfrelsi sem koma nú fram með engum fyrirvara setja áætlanir skemmtiferðaskipa og þjónustuaðila þeirra, líkt og gististaða og ferðaskrifstofa, í uppnám og skapa óstöðugleika, óvissu og vandkvæði í rekstrarumhverfi þeirra. Áhrif

fyrirgreinda lagabreytinga og þá sérstaklega tollfrelsis ákvæðisins verða einhver, jákvæð eða neikvæð fyrir ríkissjóð. Það er hins vegar ekki vitað enda hefur það ekki verið kannað. SAF telja slík vinnubrögð stjórnvalda óboðleg.

Í þessu samhengi má benda á til upplýsinga að í fyrstu drögum að aðgerðum í fyrirgreindri aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030 eru settar fram hugmyndir um innviðagjald á skemmtiferðaskip.

„Lagt verði á með lögum eða öðrum viðeigandi hætti sértækt gjald á veru erlendra skemmtiferðaskipa sem flytja ferðamenn til Íslands og hringinn í kringum það sem kalla má innviðagjald. Gjaldtakan miðist við að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra aðila. Sanngjarnt væri ef slíkt gjald yrði innleitt í tveimur áföngum þannig að það hækki til dæmis yfir tveggja ára tímabil, þar sem það sé hugsað til lengri tíma og þá sé gætt að fyrirsjáanleika fyrir atvinnugreinina.“

Hér er lögð fram tillaga að gjaldtöku til framtíðar þar sem talað er um fyrirsjáanleika og þrepaskipta hækkun gjaldsins. Til þess að gæta að fyrirvara og aðlögunartíma fyrirtækja til að bregðast við skattkerfisbreytingum sem þessum. SAF ítreka ábendingar um að eðlilegast sé að breytingar á skatta- og gjaldaumhverfi ferðaþjónustu séu gerðar í samhengi við vinnu við aðgerðaáætlun um ferðaþjónustu til 2030 sem nú stendur yfir.

### **Virðisaukaskattur verði lagður á almenningssamgöngur**

SAF hafa barist fyrir því lengi að unnin verði bragarbót á virðisaukaskattsskyldu rekstraraðila hópbifreiða í blandaðri starfsemi. Verulegt lag er að gera nauðsynlegar breytingar samhliða afgreiðslu frumvarpsins. Nægir í því efni að vísa til umfjöllunar í kafla 5.1 í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins um 2. mál á 145. lögjafarþingi sem finna má á vefslóðinni: <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-373.pdf>, bls. 7 til 9. Samtökin leggja því til að almenningssamgöngur verði virðisaukaskattskyld líkt og fólksflutningar almennt. Virðisaukaskattur á almenningssamgöngur ætti að verða til tekjuauka fyrir ríkissjóð.

### **Endursala og útleiga vistvænna bílaleigubíla verði áfram undanþegin virðisaukaskatti**

Virðisaukaskattsívilnun fyrir hreinorkubíla rennur sitt skeið á enda í lok árs 2023. Ökutækjaleigur eru í virðisaukaskattskerfinu og hafa ekki getað nýtt innskatt af kaupum vistvænna ökutækja sem nemur ívilnunum. Frá áramótum þurfa ökutækjaleigur við endursölu að verðleggja bílana á sama verði og aðrir á endursöluverkaði en þurfa að skila virðisaukaskatti af söluverðinu. Þetta mun hafa þær afleiðingar að ökutækjaleigur munu kaupa færri hreinorkubíla en fjölga bensín- og díselbílum. Þá mun útleiguverð á raf- og tengiltvinnbílum hækka þar sem ökutækjaleigur munu þurfa að leggja virðisaukaskatt á útleiguna um næstu áramót. Líklegt er að það muni skapa hrun í eftirspurn eftir vistvænum bílaleigubílum og ýta undir frekari kaup á bensín- og díselbílum.

Auk ofangreinds hafa ökutækjaleigur glímt við aðrar hindranir eins og hækkun bifreiðagjalds, álagningu vörugjalds og endurvinnslugjald á drifrafhlöður. Þá eru hleðsluinnviðir veikburða og eftirspurn erlendra ferðamanna eftir hreinorkubílum afar takmörkuð. Til að styðja við markmið stjórnvalda og atvinnugreinarinnar um orkuskipti í vegasamgöngum leggja SAF því til að:

**Framlengt verði 3. gr. bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum um virðisaukaskatt um eitt ár**  
**Framlengt verði til eins ár bráðabirgðaákvæði XXXIX í lögum um virðisaukaskatt.**

### **Skattspor ferðaþjónustunnar er 140 milljarðar**

Skattspor ferðaþjónustunnar var rúmlega 140 ma.kr. árið 2022 og það án gistináttaskatts. Þá eru ótaldar fjárhæðir upp á milljarða sem renna til ríkis og sveitarfélaga frá ferðamönnum og fyrirtækjum í greininni í gegn um ýmis gjöld. Engin skýr rök liggja til grundvallar því að auka þurfi tekjuöflun af ferðaþjónustu með hækkun gistináttaskatts eða annarra sérskatta á greinina umfram þá 140 milljarða sem greinin skilar nú þegar til ríkis og sveitarfélaga.


Skattar hafa áhrif á hegðun fólks og Ísland sem áfangastaður er í samkeppni við aðra áfangastaði sem bera ekki gistináttaskatt. Í dag er í gangi vinna við tillögur að aðgerðum í aðgerðaráætlun fyrir

ferðamálastefnu til 2030. Þar er í gangi vinna til framtíðar í samtali við atvinnugreinina. Í fyrstu drögum að aðgerðum í aðgerðaáætlun sem nú hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda eru m.a. lagaðar til tillögur til tekjuöflunar fyrir stjórnvöld sem munu að öllu óbreyttu skila stjórnvöldum hærri tekjum en er lagt til í fyrirhuguðu frumvarpi um breytingar á gistináttaskattinum.

Stjórnvöld hafa talað digurbarkalega um gæði í lagasetningu í samráði við samfélagið. Sú vinna sem fer fram í gerð aðgerðaráætlunar fyrir ferðamálastefnu til 2030 er gott dæmi um gæði í lagasetningu þar sem lagabreytingar eru boðaðar með löngum fyrirvara og breytingar á starfsumhverfi atvinnugreinarinnar eru gerðar í samráði við hana sjálfa. Á meðan þessi vinna er í gangi er ákveðið að leggja hærri skatta á hluta atvinnugreinarinnar. Það er ekki dæmi um góða lagasetningu.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Jóhannes Þór Skúlason  
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar